

*Röðum við ómerlet en er semni lega um
magnhögg sôlrunum síðla dökktu því leidrettninga eru með
Góðir fundarmenn!*

08.422

*herra rithönd
XJ.*

Í komandi kosningum býðst Reykvíkingum öðru sinni sá kostur að kjósa sérstakan kvennalista. Kjósa kvennapólítisk afl inn í Borgarstjórn Reykjavíkur. Sú framboðshreyfing kvenna sem varð til fyrir fjórum árum var ekkert skyndiupphlaup heldur á hún sér í raun langan aðdraganda innan kvennahreyfingarinnar. Konur hafa leitað ýmissa leiða til að auka hlutdeild sína í gæðum samfélagsins en gengið misjafnlega. ~~Kvennski má segja að svo hafi verið komið að þar hafi reynt flest annað en framboðsleiðina.~~ Þess vegna varð hún fyrir valinu. Hún varð fyrir valinu vegna þess að hundruð, og síðar þúsundir, reykviskra kvenna töldu brennandi þörf á því að kvennapólítík ætti sér málsvara í valdastofnunum þjóðfélagsins. Sérframboð kvenna urðu til vegna þess að það var til staðar þörf sem hvergi var fullnægt og hugmyndakerfi sem hvergi átti upp á pallborðið. Þessi sami hvati liggur til grundvallar því flokkakerfi sem við pekkjum. Sjálfstæðisflokkurinn á rót sína að rekja til atvinnurekenda og peirra hagsmunu, Framsóknarflokkur til bænda, Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag til verkafólks. Hvort þessir flokkar hafa svo verið trúir uppruna sínum er annað mál. ~~Baráttan um kosningafylgið hefur leitt margan mætan mann á villigötur og hugmyndir hafa fallið í gleymskunnar dá.~~

Konum er fyrir alltöngu orðið ljóst að þó það sé margt sem skilji þessa flokka að þá eiga þeir það allir sameiginlegt að miða starf sitt og stefnu fyrst og fremst við karla. Það var því fyrir löngu orðið tímabært að konur tækju málín í sínar eigin hendur og ~~sæktu þann rétt sem frá þeim var haldið~~ ~~á~~ gættu sinna hagsmunu sjálfar. Skref í þá átt var stigið þegar sérframboðin urðu að

veruleika. Þetta var storkandi skref við flokkana og eins og hendi væri veifað reis upp margradda karlakór sem kepptist við að sinna hlutverki hins eilífa læriföður. Þessi lærifarið hefur alla tíð messað yfir konum og árið 1928 lýsti Virginia Woolf honum þannig að hann væri sú protlausa rödd sem ýmist ónotast, þykist hafa vit á, er skipandi, mædd, hneyksluð, reið eða föðurleg. Þessi rödd sem getur ekki látið konur í friði, en er alltaf á hælunum á þeim, eins og yfir sig skyldurækin kennslukona, sárbænandi konur að hegða sér vel, sem vandar um við þær og segir að vilji þær vera góðar og vinna sér til einhverra skrautlegra verðlauna, verði þær að halda sig innan ákveðinna marka sem viðkomandi herra telur hæfileg.

Þessi rödd hefur lítið breyst á þeim tæpu 60 árum sem liðin eru síðan hún hljómaði í eyrum Virginiu og samtímakvenna hennar. Það fjölgar hins vegar stöðugt í þeim hópi kvenna sem lætur hana sem vind um eyrun þjóta. Við höfum lært að líta hana svipuðum augum og ropið í rjúpukarranum á landamærum þess svæðis sem hann hefur helgað sér.

Fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar var mikil áhersla lögð á það af flokkunum að við værum pólitisk viðrini, handbendi annarra eða ósjálfbjarga verur sem ekki vissu í hvorn fótinn þær ættu að stíga. Allt gamalkunnir fordómar í garð kvenna - konur séðar með augum karla. (í því sambandi er skemmt að minnast krossaprófs um Kvennaframboð sem lagt var fyrir lesendur Þjóðviljans. Þar var þeim í allri vinsemd bent að fengju þeir útkomuna núll út úr þessu stórpólitiska prófi þá ættu þeir að kjósa kvennaframboð vegna þess að það tæki enga afstöðu. Er skemmt frá því að segja að fallistinn á prófinu varð annar en til var ætlast.)

Í þessum kosningum kveður hins vegar við nýjan tón. Nú eru sérframboð kvenna öðru fremur talin

óþörf, séð frá sjónarhóli flokkanna. Þeir hafa nefnilega opnað dyr sínar í hálfa gátt fyrir konum og breiða nú sinn stóra og sterka náðarfaðm móti þeim og öllu því sem á þeim brennur.

En þó lærifarðirinn hafi tileinkað sér sitthvað sem konur hafa fram að færa, þá höfum við samt enga tryggingu fyrir því að breytingin á honum sé varanleg. Kvennapólítík er enn aðeins örlítill grein á miði flokkanna og meðan svo er geta konur ekki lagt sérframboð af. Konur geta heldur ekki lagt þau af vegna þess eins að konur skipa fleiri sæti en áður á listum flokkanna. Líklega er svipað hlutfall verkamanna á listum Sjálfstæðisfloks og Alþýðubandalags, svo dæmi sé tekið, en samt heldur Alþýðubandalagið áfram að bjóða fram. Það sem ræður ferð eru þær hugmyndir og sú lífssýn sem að baki býr.

Hugmyndir og lífssýn kvenna hefur ekki verið höfð til hliðsjónar við mótnun samfélags okkar. Það er hvorki tilviljun né illvilji sem ræður því að dagvistarmál eru í ólestri, að ekki var farið að huga að húsnæðismálum aldraðra fyrr en árið 1972, að börn eru ofurseld götunni og forsjóninni milli þess sem þau hlaupa úr og í skóla, að húsmóðurstörf teljast ekki starfsreynsla á vinnumarkaði eins og önnur störf, að það launakerfi sem heldur konum niðri lifir öruggara og sjálfstæðara lífi en þær sjálfar og svona mætti lengi telja. Karlar hafa aldrei haft þann skó á fætinum sem kreppir að konum og þess vegna stjórna þeir ekki í págu kvenna, hvorki í borgarstjórn, á Alþingi né í verkalýðshreyfingu.

Á sama hátt er það engin tilviljun að það voru konur sem stofnuðu fyrsta barnaheimilið í Reykjavík árið 1924, að konur söfnuðu fyrir byggingu Landspítalans á sínum tíma, að konur settu á fót mæðrastyrksnefnd og mæðraheimli, að konur komu á fót kvennaathvarfi. Sá er nefnilega eldurinn heitastur sem á sjálfum brennur.

Af öllu þessu leiðir að við konur hljótum að setja það sem stefnumark að reynsla og menning kvenna verði metin sérstaklega sem stefnumótandi afl í samfélaginu.

Þeir sem nú ráða fär í samfélagi okkar eru karlar á besta framkvæmdaaldri sem ekki þurfa að axla þá ábyrgð sem fylgir umönnun barna og aldraðra. Þeir eru á hraðfara framabraut og þurfa að vera léttir á sér eins og flugan til að ná sem lengst á sem skemmstum tíma. Á slíkri ferð geta þeir engar byrðar borið. Samkvæmt nýlegum skoðanakönnunum eru þessir karlar flestir í kjósendahópi Sjálfstæðisfloksins en fæstir í kjósendahópi Kvennalistans. Í ljósi þessa þarf engan að undra þó að í tíð núverandi meirihluta hafi dýr lönd verið keypt, lóðum safnað eins og bankainnistiðu, slaufur og brýr verið byggðar, og stóreignamönnum verið færðar milljónir á silfurfatí á sama tíma og félagslegar framkvæmdir af ýmsu tagi bíða úrlausnar. Það þarf heldur ekki að koma neinum á óvart að Kvennaframboðið hefur verið virkasta andstöðuaflið í borgarstjórn á síðasta kjörtímabili. Það leiðir af sjálfu sér að kvennapólítisk hreyfing hlýtur að snúast öndverð við því verðmætamati sem þarna liggur til grundvallar. (~~Við erum í borgarstjórn til að beita ekkur fyrir nýju verðmætamati og því hlutverki höfum við verið trúar.~~)

Vera Kvennaframboðsins í borgarstjórn hefur ýmsu breytt bæði innan hennar sem utan. Sú staðreynd að hér sitja nú fjórar konur og einn karl í forsvari er kannski örökasti votturinn um áhrif okkar.* ~~Detta hefði verið óhugsandi fyrir nokkrum árum.~~ En Kvennaframboðið hefur ekki aðeins átt þátt í því að fjölga konum ~~og líkam~~, það hefur líka komið málum á dagskrá sem hefðu legið í þagnargildi ella. Eru mér þar tvö mál efst í huga, annars vegar endurmat á störfum og launum kvenna og hins vegar afmælishald borgarinnar. Afmælishald

* Kvennaframboðið
skoðaði flokkus sem
adáins bleiðanum eru
komu í ómögju sali
síðan líka.

sem nú er orðið forðabúr allra minnihlutaflokkanna í leit þeirra að fjármunum. Þessir sömu flokkar sitja þó sem fastast í afmælisnefndinni og hafa aldrei ljáð mál sínar um tillögum Kvennaframboðsins um að skera niður ~~pá fjármuni sem brenda upp á afmælisárinu.~~ (Tillögur okkar um að setja ~~pá fjármuni i varanlegar afmælisgjafir sem nýttust öllum aldurshópum, hlutu dræmar undirtektir.)~~

Í borgarstjórn höfum við látið öll málfnini borgarinnar til okkar taka, bæði smá og stór, og hefur eflaust sumum fundist nóg um. En konum er ekkert mannlegt óviðkomandi. Á kjörtímabilinu höfum við lagt fram u.p.b. 200 tillögur og hafi þær kostað borgarsjóð aukin útgjöld höfum við í hvert eitt sinn bent á hvaðan mætti taka peningana. (Konum er innprentuð samviskusemi og ábyrgðartilfinning allt frá blautu barnsbeini og pá eðliskosti mættu fleiri taka sér til fyrirmynadar.)

En núna stöndum við andspænis nýju kjörtímabili og ærnum verkefnum. Hér eftir sem hingað til munum við beita okkur fyrir því að borgin gegni því hlutverki að jafna kjör og aðstæður borgarbúa. Til að svo megi verða þarf að gera sérstakt átak til að bæta kjör þeirra sem lakst eru settir, en í þeim hópi eru konur fjölmennastar. Það þarf að léttu konum róðurinn með því að bæta launakjör þeirra, gefa öllum börnum kost á góðri og öruggri dagvistun, bæta þjónustuna við aldraða og gera skólana pannig úr garði að þeir geti uppfyllt hlutverk sitt í nútímasamfélagi. Það er bjargföst trú okkar í kvennalistanum að aukin valddreifing tryggi bætta þjónustu. Fólk á rétt á því að bera ábyrgð á sjálfu sér og sínu nánasta umhverfi. Sú miðstýring sem nú ríkir í borginni gerir íbúa hennar ómynduga nema á fjögurra ára fresti. Aukin valddreifing snertir konur sérstaklega enda hefur það sýnt sig að konum fjölgar eftir því sem fjær

dregur miðstýringunni. Heilli borg verður ekki stjórnað eins og litlu hreppsfélagi úti á landi. Íbúasamtökum borgarinnar fjölgar stöðugt og bara á undanförnum mánuðum hafa verið stofnum fimm slík. Þessi samtök þurfa að fá aðild að stjórnkerfinu því þau þekkja best sínar heimaslóðir.

Góðir fundarmenn. Í þessari ræðu minni hef ég lagt ríkari áherslu á þær hugmyndir sem liggja að baki Kvennalista heldur en einstök stefnumál. Ástæðan er sú að ég hef ekki trú á loforðalistum fyrir kosningar. Ég vil ekki lokka kjósendur til fylgis við okkur á fölskum forsendum. Það sem máli skiptir er að þeir séu sáttir við þær hugmyndir sem að baki búa og treysti okkur til að fylgja þeim fast eftir. Hvort þær hugmyndir standa um aldir eða augnablik verður tíminn að leiða í ljós. Þær standa okkur hins vegar til boða í þessum kosningum. Og þó konur séu þungaviktin í þessum hugmyndum þá eru þær ekki síður vinsamlegar körlum. Allt sem getur orðið til að bæta stöðu kvenna mun skila sér til samfélagsins alls. Það mun losa bæði karla og konur af klafa kynhlutverka sinna. Það mun skila börnum okkar réttlátara og betra samfélagi og auka svigrúm þeirra til að vera heilar manneskjur.